

Nd.

**130. Frumvarp til laga**

[104. mál]

um fangelsi og vinnuhæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

**1. gr.**

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi.  
Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála.

**2. gr.**

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Ríkisfangelsi.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingavinnuhæli.
4. Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga.

**3. gr.**

Ríkisfangelsi skal vera í Reykjavík eða nágrenni hennar. Þar skal vera rúm fyrir eigi færri en eitt hundrað fanga. Því skal skipt í eftirtaldar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Ríkisfangelsi má skipta í sjálfstæðar rekstrareiningar eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða itrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

**4. gr.**

Vinnuhæli skulu rekin fyrst um sinn að Litla-Hrauni í Árnessýslu og Kvía-bryggju á Snæfellsnesi. Í vinnuhælunum skal fullnægja fangelsisrefsingum að því leyti, sem ekki er nauðsynlegt að vista refsifanga í deildum ríkisfangelsisins eða þeir aldurs vegna skulu dvelja í unglingavinnuhæli.

**5. gr.**

Unglingavinnuhæli skal reka fyrir allt að tuttugu og fimm fanga og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð tuttugu og

tveggja ára aldri. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli vistaðir í öðrum fangelsum. Skal um vinnuhæli þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

#### 6. gr.

Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skulu að jafnaði rekin í tengslum við lögreglustöðvar og skal þar vista menn, sem lögreglan handtekur, svo og gæzluvarðhaldsfanga.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvar slík fangelsi skuli byggð, og ber sveitarfélagi þá að leggja til lóð undir bygginguna, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Dómsmálaráðherra ákveður og, um hversu langan tíma heimilt er að geyma í slíkum fangelsum gæzluvarðhaldsfanga og sömuleiðis getur hann ákveðið, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, að heimilt sé að láta afplána varðhaldsrefsingu í slíkum fangelsum, og þá um hve langan tíma.

#### 7. gr.

Þeir sem úrskurðaðir eru samkvæmt framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947 og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 6. apríl 1971 til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu vistaðir á vinnuhæli eða unglíngavinnuhæli eftir því, sem aldur þeirra segir til um.

#### 8. gr.

Í vinnuhælum er vinnuskylda fyrir fanga og skal þar séð fyrir nægu húsrými til vinnuaðstöðu fyrir fanga. Þar skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og til kennslu, bæði bóklegrar og verklegrar.

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar við ákvörðun launa.

Föngum í vinnuhælum skal séð fyrir aðstöðu til tómskundaiðkana, eftir því sem við verður komið á hverjum stað.

#### 9. gr.

Í unglíngavinnuhælum skal skapa aðstöðu á svipaðan hátt og í öðrum vinnuhælum, en þar skal leggja sérstaka áherzlu á aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu.

#### 10. gr.

Afplánun fangelsisrefsingar skal jafnan hefjast í ríkisfangelsi, þar sem fram skal fara læknisskoðun á fanganum og aðstaður að öðru leyti metnar, og síðan tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um, í hvaða stofnun fangi skuli vistaður.

#### 11. gr.

Við hverja stofnun samkvæmt 1. til 3. tl. 2. gr. skal vera sérstakur forstöðumaður, sem ráðherra skipar. Hann skal sérstaklega hafa kynnt sér fangelsamál. Skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ráðherra er heimilt að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnarnefndir skulu skipaðar til þriggja ára í senn.

#### 12. gr.

Við hverja stofnun, þar sem afplánun fangelsisrefsingar fer fram, skal veitt almenn læknisþjónusta, og þar skal starfa, eftir því sem tók eru á hverju sinni, sérlært starfslíð, svo sem geðlæknir, sálfræðingur, félagsráðgjafi og prestur.

#### 13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður nánar staðsetningu fangelsa og gerð þeirra og setur reglugerð um rekstur þeirra.

14. gr.

Heimilt er að reka sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær stofnunin skuli taka til starfa. Hann ræður starfslið og setur nánari reglur um starfsemi hennar.

15. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 15 milljónir króna á ári hverju hið minnsta til byggingar fangelsa og vinnuhæla, þar til lokið er við að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem falla undir 1. til 3. tölulið 2. greinar.

16. gr.

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma eftir því, sem aðstæður leyfa

Þar til unglíngavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglíngi í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald, varðhald og kvennafangelsi, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.

17. gr.

Frá 1. janúar 1973 greiðist kostnaður við rekstur héraðsfangelsa úr ríkissjóði. Frá sama tíma skulu gilda um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði 14. gr. laga um lögreglumenn nr. 56 29. maí 1972.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 15. marz 1961 um ríkisfangelsi og vinnuhæli, lög nr. 21 15. marz 1961 um héraðsfangelsi og tilskipun frá 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að sameinuð séu í ein lög núgildandi lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1961 og lög um héraðsfangelsi nr. 21/1961. Auk þess er í lagafrumvarpi þessu bryddað upp á ýmsum nýmælum í sambandi við fangelsamálin.

Með samþykkt laga um lögreglumenn nr. 56/1972 tók ríkið að sér alla lög-gæzlustarfsemi í landinu. Hins vegar var ekki felld niður þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri svonefndra héraðsfangelsa, en þau eru ætluð til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga. En þar sem þau eru hluti af lög-gæzlukerfinu, er nú talið, í framhaldi af breytingunni á löggæzlunni, eðlilegt að kostnaður við geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga sé einnig greiddur af ríkinu.

Kostnaður sá, sem flyzt yfir á ríkissjóð frá sveitarfélögunum, ef þessi breyting verður gerð, er áætlaður miðað við fjárlög 1972 um kr. 10 millj. á ári.

Jafnframt því að sameina í ein lög þau ákvæði, sem nú eru í lögum um fangelsi hér á landi, er lagt til, að heiti laganna verði lög um fangelsi og vinnuhæli.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. mgr. felst það nýmæli, að ríkið tekur að fullu við rekstri fangelsa í landinu, og hugtakið héraðsfangelsi er lagt niður.

2. mgr. er samhljóða upphafi 6. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Um 2. gr.

Greinin er samsvarandi 1. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Við bætist 4. töluliður, fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga, en núverandi héraðsfangelsi anna þessu verkefni.

Þá er lagt til, að í stað heitisins unglíngafangelsi komi heitið unglíngavinnuhæli í 3. tl.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um ríkisfangelsið. Lagt er til, að það verði staðsett í Reykjavík eða nágrenni, eins og er í 1. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Miðað er við, að fangelsið í heild rúmi ekki færri en 100 fanga. Í núgildandi lögum er sagt, að fangelsið skuli rúma 100 fanga. Með tilliti til framtíðarþarfa þykir eðlilegra, að talan verði hreyfanleg, þannig að fangelsið geti orðið stærra en fyrir 100 fanga, og síðan verður þörf að skera úr um, hversu stórt fangelsið kann að verða. Nú er lagt til, að ráðherra sé heimilt að skipta fangelsinu niður í sjálfstæðar rekstrareiningar, en í því felst ráðagerð um að byggja ríkisfangelsið í fleiri en einni sjálfstæðri einingu og gætu rekstrareiningarnar þá verið staðsettar á mismunandi stöðum, enda hafði nefnd sú, sem fjallaði um byggingu ríkisfangelsins þegar lagt til, að gæzluvarðhaldsdeild væri ekki staðsett í sjálfri aðalríkisfangelsisbyggingunni.

Þá er lagt til, að tekin verði upp ný deild við ríkisfangelsið, sem nefnist móttökudeild. Þar ætti afplánun að hefjast, og þar ætti að fara fram skoðun á föngunum og mat á því á hvaða stofnun ætti að vista þá til afplánunar. Við þá deild væri sköpuð aðstaða fyrir sérfræðinga að vinna að rannsóknum á fanganum, sbr. 10. gr. frv.

Í 2. mgr. er tekin upp 2. mgr. 2. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um vinnuhælin og er í henni það nýmæli, að Vinnuhælið að Kvíabryggju er flokkað með Vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Vinnuhælið að Kvíabryggju er upphaflega stofnað af ríkinu og Reykjavíkurborg sameiginlega til þess að skapa aðstöðu til þess að láta þá, sem barnsmeðlög skulda, afplána þau, en samkvæmt framfærslulögum skal slík afplánun fara fram á vinnuhæli, og 7. gr. þessa frumvarps gerir ráð fyrir vistun þeirra, sem þannig eru úrskurðaðir, á vinnuhælum eða unglíngavinnuhælum. Gert er ráð fyrir, að eftir sem áður verði slíkir menn vistaðir aðallega á Kvíabryggju.

Lagt er til að binda ekki staðsetningar vinnuhælanna í lögum við ákveðna staði, þar sem þróun fangelsamála getur bæði leitt til þess, að vinnuhæli verði stofnuð víðar, eða að núverandi vinnuhælum verði breytt og þau tekin til annarra nota. Sömuleiðis er horfið frá því að binda í lögum stærð vinnuhæla, en eins og er er á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni rúm fyrir 52 fanga og á Kvíabryggju er rúm fyrir 15 fanga.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um unglíngavinnuhæli, en eins og áður segir er nú lagt til, að orðið unglíngavinnuhæli verði tekið upp í stað orðsins unglíngafangelsi. Í lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli er nú gert ráð fyrir, að unglíngafangelsi verði stofnað í sveit fyrir 25 fanga. Í þessari grein er lagt til, að unglíngavinnuhæli verði ekki

staðbundið, heldur reist þar, sem heppilegast verður talið og að stærð þess verði fyrir allt að 25 fanga.

Þá þykir rétt að taka upp í greinina ákvæði samsvarandi ákvæði 2. mgr. 43. gr. almennra hegningarlaga, þar sem dómsmálaráðherra getur ákveðið, að einstakir fangar, sem dæmdir eru innan 22 ára aldurs, skuli vistaðir í öðrum fangelsum.

Tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir um hversu margir þeirra, sem dæmdir hafa verið á undanförunum árum til fangelsisrefsingar, hefðu átt að vistast í unglinga-fangelsi, en geta má þess, að í október 1972 voru 10 af 52 föngum í vinnuhælunum innan 22 ára.

#### Um 6. gr.

Í grein þessari er fjallað um þá tegund fangelsa, sem núgildandi lög um héraðs-fangelsi taka til. Svo sem að framan er rakið er með lagafrumvarpi þessu lagt til, að hlutverk héraðsfangelsanna færist að fullu yfir á ríkið. Í greininni er gengið út frá því sem aðalreglu, að fangaklefar til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skuli byggðir í tengslum við lögreglustöðvar, enda er hér um að ræða fyrst og fremst aðstöðu fyrir lögreglu og dómstóla.

Í núgildandi lögum um héraðsfangelsi er það meginreglan, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að byggingu héraðsfangelsa, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það sé háð ákvörðun dómsmálaráðherra, hvar slíkum fangaklefum er komið upp.

Í 3. mgr. eru tekin upp ákvæði úr 7. gr. laga um héraðsfangelsi, þar sem dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða, að heimilt sé að láta afplána varðhaldsrefsingu í slíkum fangelsum, en jafnframt er tekið upp í greinina ákvæði um, að það skuli vera ákveðið fyrir hvert slíkt fangelsi, hversu lengi megi geyma þar gæzluvarðhaldsfanga, en aðstaða í slíkum fangageymslum er mjög mismunandi og í mörgum þeirra slík, að ekki er rétt að vista þar fanga, nema um mjög takmarkaðan tíma. Ef þörf er á lengri gæzluvarðhaldsvist, verður að flytja gæzluvarðhaldsfangann í fangelsi, þar sem heimilt er að vista fanga um lengri tíma, og kemur þá sérstaklega til greina gæzluvarðhaldsdeild ríkisfangelsisins.

Í 2. gr. laga um héraðsfangelsi er kveðið svo á, að sveitarfélag leggi til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, og er lagt til, að það ákvæði haldist og er því tekið upp í 2. mgr. Hér er um að ræða stofnanir, sem eru þjónustustofnanir fyrir íbúa sveitarfélagsins, og eftir að ríkið hefur tekið yfir kostnað við byggingu og rekstur þeirra verður vart talið óeðlilegt að leggja þá kvöð á sveitarfélagið, að það leggi til lóð á sinn kostnað undir stofnunina.

#### Um 7. gr.

Greinin fjallar um vistun þeirra, sem úrskurðaðir eru til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri, og er efnislega samhljóða 5. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

#### Um 8. gr.

Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði 37. gr. almennra hegningarlaga um, að vinnuskylda fylgi fangelsisvist, en jafnframt kveðið á um, að skylt sé að sjá fyrir nægjanlegu húsrými til framkvæmdar á þeirri skyldu og að einnig skuli séð fyrir annarri aðstöðu og tækjum, bæði til vinnu og kennslu. Mjög hefur skort á, að vinnuástaða og verkefni væru næg á vinnuhælunum, og hefur það mjög háð starfsemi þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið svo á, að fangar skuli fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum og er það í samræmi við ákvæði 37. gr. almennra hegningarlaga, en lagt er til, að lögfest verði það nýmæli, að tekið skuli tillit til arðsemi vinnu fanganna við ákvörðun launa. Í framkvæmd hefur þetta nokkuð verið gert, því að þegar hælir hafa tekið að sér sérstök verkefni fyrir utanaðkomandi aðila, hafa fangar iðulega fengið greidd hærri laun fyrir vinnu við þau verkefni en við hina almennu fanga-vinnu. Fangalaunin eru nú þannig ákveðin, að fanginn fær greidd laun fyrir dag-vinnu, sem jafngilda einnar klukkustundar vinnu verkamanna á þeim stað, þar sem

hælið er. Þarf að stefna að því, að launin verði hærri, og þá sérstaklega með tilliti til arðsemi vinnunar.

Í 3. mgr. er það nýmæli, að séð skuli fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið. Tómstundaiðja hefur verið tekin upp á Litla-Hrauni nú á síðustu árum og hefur það gefizt mjög vel og gefið föngum tækifæri til að sýna hæfileika sína á ýmsum listrænum sviðum. Tómstundaiðjan getur haft nokkurn kostnað í för með sér fyrir hælina, en telja verður, að þeim fjármunum sé vel varið, og einnig geta fangarnir greitt kostnað við efni af andvirði þess varnings, sem þeir vinna í tómstundum og geta síðan selt.

#### Um 9. gr.

Greinin fjallar um unglingavinnuhælin, og leggur áherzlu á, að þar þurfi að vinna sérstaklega að kennslu fanganna.

#### Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Slíkt ákvæði er ekki í lögum, en hins vegar hefur málum verið þannig háttað í framkvæmd, að afplánun refsinga hefur að öllum jafnaði hafizt í Hegningarhúsinu í Reykjavík, og eftir nokkra dvöl þar hafa fangar síðan verið fluttur á vinnuhælin.

#### Um 11. gr.

Greinin er nýmæli í lögum. Ekki hafa verið sérstök lagaákvæði um forstöðumenn fangelsa né um menntun þeirra. Þá er lagt til, að ráðherra sé heimilt að skipa 3 manna stjórnarnefnd fyrir hverja stofnun. Í framkvæmd hefur verið starfandi samkvæmt reglugerð um Vinnuhælið á Litla-Hrauni stjórnarnefnd fyrir þá stofnun.

#### Um 12. gr.

Greinin fjallar um þá sérfræðilegu þjónustu, sem æskilegt er talið, að veitt sé í fangelsum. Sem stendur starfar, auk læknis, einungis prestur við fangelsin. Ekki hefur tekizt að ráða að þeim geðlækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa. Ekki er gert ráð fyrir, að við hverja stofnun starfi slíkur starfsmaður í fullu starfi, heldur verði einungis um að ræða sérfræðinga, sem starfa annaðhvort einn fyrir fleiri stofnanir eða þá að þeir starfi hluta úr degi við stofnun ásamt með öðru starfi.

#### Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um 14. gr.

Ekki hefur hingað til verið rekin á vegum ríkisins sérstök stofnun til að annast eftirlit með þeim, sem ákæru er frestað á, dæmdir skilorðsbundið eða veitt skilorðsbundin reynslulausn eða skilorðsbundin náðun af fangelsisrefsingu. Á undanfórnum árum hafa tveir aðilar annazt þetta verkefni, þ. e. Oscar Clausen, rithöfundur, sem annazt hefur eftirlit með þeim, sem ákæru hefur verið frestað á, og Félagasamtökin Vernd, sem annazt hafa eftirlit með þeim, sem veitt hefur verið skilorðsbundin náðun eða fengið hafa reynslulausn. Aðilar þessir hafa fengið nokkurn styrk úr ríkissjóði og nemur hann á þessu ári krónum 770 000.00.

Telja verður æskilegt að efla mjög starfsemi á þessu sviði á næstunni, og er líklegt að með því að auka eftirlitsstarfsemi megi spara verulega í fangelsisrekstri. Á Norðurlöndum er nú unnið að því að endurskipuleggja eftirlit utan fangelsanna með þeim, sem dóma hafa hlotið, og er það alls staðar að færast yfir á ríkið að fullu og þeir einkaaðilar, sem annazt hafa þetta eftirlit, eru að hverfa úr sögunni. Ljóst er hins vegar, að til þess að geta framkvæmt slíkt eftirlit þarf talsvert starfslið, sem er sérhæft í slíkri vinnu, en á því hefur verið mikill skortur hér á landi. Hins vegar er þess að vænta, að á næstu árum verði nokkur breyting

á því sviði, þar sem all margir stunda nú nám í þeim fræðum, sem að gagni mega verða við slík störf.

Í greininni er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði, hvenær slík stofnun tekur til starfa og er sú ákvörðun að sjálfsögðu háð því, að starfslið fái og fjárveitingar til reksturs.

#### Um 15. gr.

Í 7. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli er kveðið svo á, að veita skuli úr ríkissjóði 1 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem þau lög mæla fyrir um.

Í þessari grein er lagt til, að í stað 1 millj. kr. verði nú veittar 15 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem lagafrumvarp þetta fjallar um, aðrar en þær, sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga.

Á næstunni þarf að byggja upp þann hluta ríkisfangelsisins, sem ætlaður er fyrir gæzluvarðhald, kvennadeild og móttökudeild, en það er það hlutverk, sem Hegningarhúsið í Reykjavík annast nú og væntanlega fangelsisdeildin við Síðumúla í Reykjavík, en mjög aðkallandi er orðið að byggja nýtt húsnæði í stað Hegningarhússins, og fangelsið við Síðumúla getur einungis verið nothæft um skamman tíma sem bráðabirgðafangelsi.

Til að reisa 50 rúma fangelsi í þessu skyni má reikna með að þurfi, miðað við núverandi verðlag og þær frumteikningar, sem þegar hafa verið gerðar, eigi minna en 70—90 millj. kr. Þá þarf einnig að koma upp unglíngavinnuhæli og má búast við, að sú stofnun komi eigi til með að kosta minna en 20 millj. kr., og í þriðja lagi þyrfti síðan að koma upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ekki verða byggðar í fyrsta áfanga, en að svo stöddu er of snemmt að áætla um kostnað við byggingu þeirra deilda. Auk þess þarf að bæta enn nokkuð aðstöðu við vinnuhælin. Fyrirsjáanlega þarf því að verja á næstu árum mjög verulegum upphæðum, eigi minni en 100—150 millj. kr. miðað við núverandi verðlag, til uppbyggingar fangelsanna.

#### Um 16. gr.

Greinin fjallar um þær ráðstafanir, sem gera þarf meðan þær stofnanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki komnar upp. Skýra ákvæði greinarinnar sig í aðalatriðum sjálf.

#### Um 17. gr.

Greinin fjallar um breytingu þá, sem verður við það, að ríkið tekur að fullu við rekstri svonefndra héraðsfangelsa. Sá kostnaður, sem við þetta færir frá sveitarfélögum yfir til ríkisins, er í fyrsta lagi varðandi rekstur og miðað við tölur fjárlaga fyrir árið í ár nemur sá kostnaður 7.2 millj. kr. og í öðru lagi stofnkostnaður héraðsfangelsa, en til hans er áætlað á fjárlögum 1972 2.8 millj. kr., sem er helmingi framlag á móti viðkomandi sveitarfélagi.

Í 2. mgr. eru ákvæði þess efnis, að gilda skuli um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði þau, sem sett eru í 14. gr. laga um lögreglumenn nr 56/1972, en sú grein er svo hljóðandi: „Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélag hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélag halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélag hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknaðar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna.“

Lagt er til, að ákvæði þessarar greinar gildi einnig um héraðsfangelsin að svo miklu leyti, sem hún á við að breyttu breytanda.

Um 18. gr.

Jafnframt því að fella úr gildi lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli og lög um héraðsfangelsi, þykir nú tímabært að fella úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl., en í lögunum um ríkisfangelsi og vinnuhæli er gert ráð fyrir, að tilskipunin falli úr gildi, þegar Hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður skv. 8. gr. laganna. En með því að tekið er upp í 16. gr. frumvarpsins ákvæði um, hvernig fara skuli um stjórn Hegningarhússins í Reykjavík, þykir ástæðulaust að láta tilskipunina halda gildi áfram.